



Markaðsstofa Suðurlands

## Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

### fundur 1. júní 2011 kl. 11.00 á Austurvegi 56, Selfossi

Á fundinn mættu: Ásbjörn, Gunnar Örn, Sigrún Kapítola, Sigurdís í forföllum Söndru Brár og Sædís Íva sem ritaði fundargerð. Anna Björg mætti ekki á fundinn. Einnig sat fundinn Davíð Samúelsson, framkvæmdastjóri.

Sædís Íva formaður fyrri stjórnar tók að sér að stýra fundinum og bauð menn velkomna.

#### **1. Stjórn skiptir með sér verkum**

Tillaga kom fram um Sædísí Ívu sem formanni, Ásbjörn sem gjaldkera, Sigrúnu Kapítolu sem ritara og Gunnar Örn sem varaformann. Tillagan samþykkt samhljóða. Samþykkt að formaður, gjaldkeri og ritari myndi framkvæmdaráð sem verði bakland framkvæmdastjóra.

#### **2. Fundafyrirkomulag**

Stjórn samþykkir að halda símafundi fyrsta mánudag í mánuði kl. 10.00 í fundarsíma símans nr. 7557755 - fundarnúmer 4835555. Stjórn hittist í september og desember á fundardegi þess mánaðar.

#### **3. Framvinduskýrsla**

Davíð lagði fram framvinduskýrslu Markaðsstofunnar fyrir janúar til maí 2011 og fór yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að á tímabilinu. Fram kemur að gengið hefur verið frá samningi um þátttöku allra sveitarfélaganna nema Vestmannaeyja og Rangárbings ytra. Öll sveitarfélögin sem gerðu samning að Ölfusi og Árborg frátöldum gengu frá fjögurra ára samningi.

Mjög margt hefur verið að gerast hjá Markaðsstofunni á þessu tímabili, þátttaka í sýningum, fundum og ráðstefnum. Farnar hafa verið FAM ferðir, unnið að heimasíðunni, útgáfa kynningarefnis og margt fleira.

#### **4. Tímabundinn starfsmaður**

Sótt hefur verið um til Vinnumálastofnunar að mega ráða tímabundinn starfsmann í átaksverkefni um endurbætur á [www.south.is](http://www.south.is) Svar er komið frá Vinnumálastofnun og fæst starfsmaður í 100% starf í 3 mánuði.

#### **5. Verkefni framundan**

- Mikil vinna verður sett í gang í sumar við að fá fleiri aðila að MSS áður en nýr bæklingur verður gefinn út. Nýr aðili sem ráðinn verður sbr. að ofan mun vinna með Davíð að þessu verkefni ásamt heimasíðuverkefnum.
- Í tengslum við að fá nýja aðila inn í MSS áformar Davíð að senda bréf til ferðapjónustuaðila til að hvetja þá í þátttöku í MSS.
- Settar verða auglýsingar í útvarp til að minna á Suðurland.

## **6. Eldgos í Grímsvötnum**

Davíð sagði frá því hver viðbrögð Markaðsstofunnar hefðu verið fyrir umbjóðendur sína þegar gaus í Grímsvötnum. Davíð útbjó tvær fréttatilkynningar sem hann sendi til ferðapjónustuaðila sem þeir gátu sent til viðskiptavina sinna til að upplýsa þá með réttum hætti og róa þá í því óvissuástandi sem skapaðist. Mikil ánægja var frá ferðapjónustunni með þetta.

Markaðsstofan mun eiga fulltrúa í vinnuhópi ríkisins um að móta tillögur um viðbrögð og aðgerðir á því svæði sem varð fyrir áföllum vegna gossins.

## **7. Önnur mál**

Engin önnur mál borin upp.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.00.